



Reykjavík, 29. mars 2019  
R19030291

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

**Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um flokkunartunnur á almenningsvæðum í Reykjavík**

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Tinnu Kjartansdóttur frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að setja upp flokkunartunnur á almenningsvæðum í Reykjavík og fjölga þeim á helstu svæðum borgarinnar fyrir árslok 2019.


Greinargerð:

Aukin vitundavakning hefur verið í samfélaginu undanfarið tengt loftslagsmálum sem sýnir að almenningur krefst þess að umhverfismál séu tekin fastari tökum. Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða telur þetta mikilvægt skref í rétta átt til að stuðla að betri flokkun í Reykjavík og meðvitund um mikilvægi þess að flokka.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af umhverfis- og heilbrigðisráði fyrir þann tíma.

  
Helga Björk Laxdal  
e.u.

SKJALAVER HÖFÐATORGI
01. APR. 2019
Málsnr.: USK2019-04-0005
Bréfalykill: 6.5.9